

Sólborgarmál

Nokkrar umræður hafa spunnist í kjölfar sýningar Sjónvarpsins á myndinni Dómsdegi. Þar er fjallað um dulsmál hálsystkinanna Sólborgar Jónsdóttur og Sigurjóns Einarssonar á Svalbarði í Pistilfirði í lok síðustu aldar. Hávar Sigurjónsson skoðaði helstu heimildir málsins og kannaði hvern innblástur skáldin Matthías Johannessen og Thor Vilhjálmsson hafa sótt í Sólborgarmál.



SVALBARÐ Í Pistilfirði um aldamótin síðustu. Þarna áttu Sólborgarmál sér stað. Kirkjan stendur enn.

Sagan og skáldskapurinn

FRÚ Ástríður Petersen (1867-1957).



SÉRA Ólafur Petersen (1865-1898).



SVIPLEG örlög hálsystkinanna, Sólborgar og Sigurjóns, á Svalbarði í Pistilfirði í lok síðustu aldar urðu þjóðinni drjúgt umræðuefni fyrstu áratuginna á eftir. Ekki síst þar sem höfuðskáldið Einar Benediktsson, þá settur sýslumaður Þingeyinga, hélt hendi um örlagasprotann; í hlut hans kom að rannsaka málið og kveða upp dóm í héraði. Fylgdi þetta mál Einari ævilangt og var það hjátrú margra að draugur Sólborgar fylgdi honum þétt á hæla ævina á enda. Einar mun hafa lagt trúnað á þessar sögur, var sagður myrkfælinn og draughræddur frá unga aldri og magnaðist sá ótti um allan helming eftir skelfilega reynslu hans af Sólborgarmálinu í janúar 1893.

Hinn dularfulli blær sem hvílt hefur yfir Sólborgarmáli allar götur hlýtur að hluta að rekjast til draugatrúarinnar sem kviknar í kjölfar þess, því frá upphafi var ekkert í málinu sjálfu sem orkaði tvímælis og skýrar játningar lágu fyrir um öll málsatvik áður en lauk. Að hinu leytnu virðist sem þjóðarsálin hafi tekið mjög tilfinningalega afstöðu til Sólborgarmálsins enda felast í því flest kennimörk dramatískrar ástarsögu. Forboðnar ástir hálsystkinanna og hryllileg örlög barnsins, ávaxtar hinnar forboðnu ástar, ásamt niðurstöðu málsins eru í samræmi við lögmál hins klassíska harmleiks þar sem hin seka móðir tekur sitt eigið líf eftir að faðirinn/bróðirinn hefur guggnað frammi fyrir yfirvaldinu og játað á sig sakirnar. Ekki er því að undra að tvö af höfuðskáldum þjóðarinnar á seinni hluta þessarar aldar hafi tekið Sólborgarmál

upp á arma sína í skáldskap; Matthías Jóhannessen verður fyrstur til og semur hvort tveggja smásögu og leikrit, *Burðurinn* sem birtist í 3. tbl. Eimreiðarinnar 1974 og leikritið *Sólborg*. Ellefu árum síðar sendir Thor Vilhjálmsson frá sér skáldsöguna *Grámosinn glóir* og gerir Sólborgarmál að þungamiðju sögu sinnar. Loks verður Sólborgarmál kveikjan að mynd Egils Eðvarðssonar *Dómsdegi* sem sýnd var í Sjónvarpinu á jóladag og hefur vakið hörð viðbrögð vegna útleggings höfundarins á málsatvikum og hlut þeirra er málinu tengdust.

Sögulegar heimildir

Það gegnir reyndar nokkurri furðu að þrátt fyrir hið mikla umtal sem Sólborgarmálið fékk um land allt og þjóðsöguna er kviknaði í kjölfarið urðu fáir til að festa málsatvik á blað eða gera sér mat úr því á annan hátt í langan tíma þar á eftir. Líklega varð Tómas Guðmundsson fyrstur til að rifja málið upp og rekja gang þess í þætti er hann skrifar í bók þeirra Sverris Kristjánssonar, *Undir hauststjörnum* og út kom 1965. Voru bækur þeirra Sverris mikið lesnar og þáttur Tómasar um Sólborgu varð kveikjan að nýrri bylgju umræðna og upprifjunar um málið. Er þáttur Tómasar skáldlega innblásinn en öllum staðreyndum mun haldið rétt til skila. Aðrir sem rakið hafa Sólborgarmál eru Gils Guðmundsson í bók sinni um Einar Benediktsson *Væringinn mikli* (1990) og Guðjón Friðriksson í fyrri bindi ævisögu Einar Benediktssonar (1997). Guðjón sviðsetur atburði en óhætt mun að treysta heimildargildi frásagnar hans. Þá reifar Matthías Johannessen málsatvik í eftirmála að bókinni *Fjadröfok og önnur leik-*



EINAR Benediktsson (1864-1940). Myndin er tekin u.þ.b. ári eftir Sólborgarmál.

rit er m.a. hefur að geyma leikritið *Sólborg* og kom út 1975. Verða nú aðdragandi Sólborgarmáls eins og hann snéri að Einari Benediktssyni og málaferlin sjálf rakin eftir þessum heimildum, þó einungis verði staldrað við helstu málsatvik. Skáletraður texti eru beinar tilvitnanir í málskjöl Sólborgarmáls.

Dulsmál á Svalbarði

Einar Benediktsson lauk lögfræðiprófi frá Hafnarháskóla vorið 1892 og kom heim um haustið og fór beint norður að Héðinshöfða á Tjörnesi þar sem hann leysti föður sinn af tímabundið sem sýslumaður þann vetur. Þann 9. nóvember er Einar settur sýslumaður í Þingeyjarsýslu og í byrjun desember fær hann í hendur bréf frá Hirti Þorkelssyni, hreppstjóra í Svalbarðshreppi, dagsett 25. nóvember 1892, „þess efnis að almennur orðrómur hefði legið á því þar í sveitinni, að vinnukona á Svalbarði, ógift, Sólborg Jónsdóttir, hefði síðari hluta næstliðins sumars, eftir að menn í lengri tíma hefðu þótt sjá merki þess, að hún væri vanfær, fyrirfarið föstri sínu, og hefði það verið tilgátur sumra, að hálfbróðir hennar, Sigurjón Einarsson, vinnumaður á Svalbarði, mundi e.t.v. vera faðirinn.“ „Þetta er leiðindamál sem Einar vonar að sé aðeins söguburður,“ segir Guðjón Friðriksson. Um hug Einarss til þessa „leiðindamáls“ segir Tómas Guðmundsson. „Um það vitum vér ekki neitt, en sennilega hefur hann gert sér vonir um, að sakarefnin mættu reynast verulega orðum aukin eða ef til vill hugsmíði ein.“

Á prestsetrinu Svalbarði í Pistilfirði situr ungur prestur, Ólafur Petersen, ásamt eigin konu sinni Ástríði Sigríði Stefánsdóttur Stephensen, og áttu þau tæplega ársgamlan son, frumburðinn Stefán, er fæddur var 29. mars 1892. Ólafi og Ástríði varð fjögurra barna auðið, hið síðasta fætt í október 1897. Þeir Ólafur og Einar voru skólabræður úr Lærða skólanum, samstúdentar og nær jafnaldra, Einar 28 ára og Ólafur nýorðinn 27 ára. Ólafur lést fimm árum síðar aðeins 32 ára að

aldri en Ástríður kona hans lifði fram í háa elli og lést í Reykjavík 1957. Þriðji skólabróðirinn og jafnaldri Einars var héraðslæknirinn Björn Blöndal sem sat réttarhöldin sem réttarvitni og átti eftir að gegna hlutverki réttarlæknis áður en málinu var á öllu lokið.

Réttur er settur

Vegna ófærðar dróst það fram yfir áramót að Einar færi austur að Svalbarði til rannsóknar málsins en þann 8. janúar leggur hann af stað við annan mann og á hádegi 11. janúar er lögregluréttur Pingeyjarsýslu „settur og haldinn að Svalbarði í Pistilfirði með undirrituðum réttarvitnum, að settum prófdómara Einari Benediktssyni í umbodi og á ábyrgð hins reglulega sýslumanns B. Sveinssonar“. Hefjast svo yfirheyrslur á heimilisfólki og standa þann dag allan sem og hinn næsta dag. „Vitnaleiðslurnar leiða brátt í ljós að fólk hefur tekið eftir einu og öðru, sumt telur sig hafa séð þess glögg merki að Sölborg væri vanfær en þykkt hennar síðan horfið snögglega. Yfirheyrslurnar halda áfram næsta dag og er annar sakborningurinn, Sigurjón Einarsson, yfirheyrður síðastur þann dag. Hann neitar sakargiftum í fyrstu en þar kemur að hann snýr við blaði og játar. Kveður hann systur sína hafa alið barn í fjósinu á bænum og beðið sig að grafa það með leynd sem hann gerði nokkru síðar.“ (G.F.F. bls. 136)

Tómas Guðmundsson les tón samúðar úr vitnisburði heimilisfólksins enda eru það „vinir og félagar, sem hlut eiga að máli og öllum finnst sýnilega vænt um þessar ógæfusömu manneskjur, sem orðið hafa hræðilegri ástríðu að leiksoppi. Harmur þeirra kallar á dýpstu mannlega samúð, þó að hegðun þeirra vekir angur og óhug.“ Ennfremur segir Tómas: „Það er presturinn sjálfur, sem er meðal síðustu vitnanna í þessu þinghaldi, og framburður hans hefur einnig á sér allan blæ varúðar og nærgætni. Hann segist ekki hafa veitt háttum þeirra systkinanna mikla eftirtekt, enda hafi honum sýnst atlot þeirra „líkari því, sem gerist stundum milli náskyldra, heldur en að þau stæðu í sambandi við holdlegar fýsnir, þrátt fyrir það, að honum hafi fundist leiðinlegt og smekklaut að sjá til þeirra“. Enn fremur álitur hann sig hafa séð einhvern gildleika á Sölborgu, sem honum hafi ekki virzt með öllu venjulegur en „tekur það fram, að hann beri mjög lítið skynbragð á slíka hluti“. Þó kveðst hann eitt sinn hafa innt Björn Blöndal lækni eftir því, „hvort gildleiki á kvenfólki, líkur þessu, gæti átt aðrar orsakir en konan væri þunguð, og hafi læknihrinn kveðið já við því“.

Dauðalíkt ástand

Grípum nú niður í frásögn Guðjóns Friðrikssonar sem byggir á sömu heimildum og Tómas og skapar ekki síður dramatískt andrúmsloft í lýsingum sínum. „Dagur er að kveldi kominn. Hlé er gert á yfirheyrslum. Sölborg á fjögurra ára gamla dóttur sem sefur jafnan hjá móður sinni. Eftir jafningu Sigurjóns er Sölborgu vísað inn í afterbergi í norðurenda baðstofulofsins og fullorðinn karlmaður settur til að gæta hennar. Hún biður um að fá að hafa dóttur sína hjá sér en það þykir ekki við hæfi, eins og á stendur, og henni er neitað.“

Um kvöldið ríkir þrúgandi þögn í bænum. „Skyndilega er þögnin rofin með löngu skerandi angistarópi. Það er svo ægilegt að kalt vatn rennur milli skinns og hörunds á hverjum manni á prestsetrinu.“ Einar Benediktsson er einna fyrstur að bregða við og „gengur á hljóðið – inn til Sölborgar.“ „Sölborg liggur í rúmi sínu, 27 ára gömul, dökkeyg og hrafnsvört á hár, og engist í „áköfum krampa-gráti“. Einar Benediktsson kennir sárlega í brjósti um hana og spyr „hvort hún vildi sjá barnið hjá sér þar eð honum hugkvæmdist að orsökkin gæti verið hryggð yfir því að barnið væri tekið frá henni“. Síðan segir aukaréttar-bók Pingeyjarsýslu sem færð er með eigin hendi sýslumanns daginn eftir:

„Hin ákærða svaraði því engu en hljóðin fóru nú að slítrast smátt og smátt og gekk hinn setti prófdómari (þ.e. Einar Benediktsson) þá frá henni meðan læknisins væri beðið, og sagði karlmaður sá er gætti hennar að mók eða svefn mundi hafa liðið yfir hana. Nokkru síðar kom prófdómariinn þó inn aftur og sýndist honum ekki betur en að hin ákærða væri örend eða í einhverju dauðalíku ástandi. Aðrar lífgunaraðferðir bar hann eða aðrir, sem við voru, ekki þekkingu til að viðhafa en að dreypa vatni á enni hennar og brjóst en það kom fyrir ekki...“ (G.F. Bls. 137)

Barnslíkið grafið upp

Niðurlag þessarar sögu er dapurlegt. „Hjá rúmi Sölborgar finnst glas með leifum af hvítleitu dufti. Björn Blöndal lækni, sem er nú kominn á vettvang neðan frá Sjóarlandi, álitur að það sé strykinn. Við rannsókn kemur í ljós að Sölborg hefur náð í glas með refaeitri úr kistu bróður síns og hvólt því í sig.“ Dag-

„Það er presturinn sjálfur, sem er meðal síðustu vitnanna í þessu þinghaldi, og framburður hans hefur einnig á sér allan blæ varúðar og nærgætni. Hann segist ekki hafa veitt háttum þeirra systkinanna mikla eftirtekt, enda hafi honum sýnst atlot þeirra „líkari því, sem gerist stundum milli náskyldra, heldur en að þau stæðu í sambandi við holdlegar fýsnir, þrátt fyrir það, að honum hafi fundist leiðinlegt og smekklaut að sjá til þeirra“.

inn eftir halda yfirheyrslur áfram þó öllum sé nú ljóst hver málsatvik séu. Eitt verk er þó eftir sem ekki verður undan vikist að framkvæma. Sigurjóni Einarssyni er gert að vísa á staðinn þar sem hann kom barnslíkinu fyrir. Hann leiðir embættismennina þrjá ásamt hreppstjóra og vinnumanni að fjárborg er stendur niður við sjó. „Öll hersingin stendur yfir honum meðan hann krasar í freðið gólfð skammt frá inngöngudyrum í vestanverðri borginni. Þeir standa þar saman á vegg, þrír skólabræður og samstúdentar úr Lærða skólanum, 27 og 28 ára gamlir, sýslumaður, prestur og lækni, grannir, föllir, norpandi í gaddinum. Loks kemur í leitirnar lítið barnslíkið, vafið í fátæklega dulu úr þráðardúk. Ungu mennirnir líta undan í hryllingi.“

Við réttarlíkskoðun á Sölborgu og barninu, sem Einar Benediktsson er viðstaddur, úrskurðar Björn Blöndal að dánarorsök Sölborgar sé eitrun en barnið hafi kafnað. Barnið er grafið í kirkjugarðinum en Sólveigu má ekki grafa innan kirkjugarðsins. „Málið var leyst með því að hún var sett inn undir torfvegginn svo að hún var hvorki fyrir innan né utan garð. Nú eru bein hennar undir þýfinu í miðjum kirkjugarðinum,“ segir Matthías Johannessen í Ferðaríspu í Morgunblaðinu í október 1971.

Hinn 5. mars 1893 dæmdi Einar Benediktsson settur héraðsdómari í Pingeyjarsýslu Sigurjón Einarsson til tíu ára betrunarhúsvistar. Landsyfírréttur mildaði dóminn síðar í sex ár. Var þá endanlega lokið Sölborgarmáli og lék enginn vafi á hvernig í þann pott var búið þá er um lauk. Sigurjón Einarsson giftist síðar og átti afkomendur. Í eftirmála að leikritinu Sölborg segir Matthías Johannessen: „Þjóðsagan segir að Einar Benediktsson hafi eftir harmleikinn haft á tilfinningunni að Sölborg fylgdi sér. Hann hafi jafnvel átt við hana í ljóðinu Hvarf séra Odds frá Miklabæ. En auðvitað er slíkt út í hött. Það er ort fyrir harmleikinn, birtist í Sunnanfara í sept. 1891 með þeirri athugasemd, „að skáldið hafi ekki fylgt frásögninni í Þjóðsögum Jóns Árnasonar, „né öðrum skrifuðum frásögnum um atburð þennan, heldur hef ég aðeins farið eftir munnmælum, sem ég hef heyrt sjálfur, bæði af Skagfirðingum og öðrum,“ eins og skáldið kemst að orði.“

Skáldlegur búningur

Dramatískir möguleikar Sölborgarmáls eru næsta augljósir. Sterkar tilfinningar og mikil örlög, óumfýjanleiki aðstæðanna, glæpur og refsing, sekt og sakleysi eru gildustu þræðirinnir sem flétta má úr. Matthías Johannessen orðar það svo: „Þetta drama var hlaðið sprengikrafti. Sársauki þess og þjáningu eru engin einangruð fyrirbrigði, heldur kunn reynsla.“

Sjálfsgagt væri einfaldasta leiðin að færa söguna í skáldlegan búning að rekja málið eins og það kom fyrir og breyta engu, halda sig við staðreyndir allt þar til yfir lýkur. Höfundinum er þó nauðsynlegt að velja sér sjónarhorn, taka sér stöðu innan eða utan sögunnar

ar og rekja hana út frá þeim forsendum sem sjónarhornið leggur honum til.

Önnur aðferð og nokkru róttækari er að bæta við persónum, skapa skáldlegt afl innan hins sögulega ramma. Undir þessa aðferð fellur líka að breyta nöfnum persóna og umhverfis og losa um söguna í tíma og rúmi. Í þriðja lagi er hægt að víkja frá hinna raunverulegu atburðarás, breyta henni og gera hlut þeirra sem að málinu komu annan en hann var í raunveruleikanum. Gera þann hlut meiri eða minni eftir atvikum. Söguleg nálægð málsins sjálfs gerir þessa nálgun viðkvæma án þess að hér verði lagt mat á siðferðilegt réttmæti þess. Vafalaust eru ótal fleiri leiðir færar í skáldlegri útfærslu Sölborgarmáls, en þær tvær síðari leiðir sem hér er bent á eiga sér fyrirmyndir í verkum þeirra höfundar sem fyrr voru nefndir. Meðhöndlun Matthíasar Johannessen í smásögu og leikriti og Thors Vilhjálmssonar í skáldsögu falla undir aðra aðferðina þó efnistöð og skáldskaparleg markmið séu gerólik, en meðhöndlun Egils Eðvarðssonar í sjónvarpsvikmynd sinni fellur undir síðasttöldu aðferðina.

Burðurinn og Sölborg

Í Smásögunni *Burðurinn* rekur höfundur söguna samkvæmt frásögn Nikulásar, aldræðs manns sem hafði verið vinnupiltur á prestsetrinu Pistilhöfða er þeir atburðir gerðust að ung stúlka Borghildur varð vanfær af völdum hálfbróður síns Sigurðar. Ekki eru aðrar persónur nafnkenndar í sögunni, en nafnbreytingar systkinanna eru augljósar. Fyrirmynd að sögumanninum Nikulasi er að líkindum Guðjón Einarsson bóndi á Sævarlandi sem Matthías vitnar til í fyrirnefndri Ferðaríspu. Guðjón var ungur maður í Pistilfirði í lok síðustu aldar, þekkti til heimafélks á Svalbarði og sá Sölborgu og Sigurjón oft sinni. „Prestshjónin, sr. Ólafur og kona hans, voru gott fyrirfólk,“ sagði Guðjón þegar ég talaði við hann og rifjaði upp gamlar minningar, en kertaljósið flókti í augum hans. „Sölborg var ekki ómyndarleg stúlka,“ bætti hann við eins og það gerði harmleikinn eitthvað skiljanlegri.“ Um dauða Sölborgar segir Guðjón: „Það voru mannaverk. Það hefði verið auðvelt að skilja þau að. Og þá hefði meinið hjaðnað.“ Í *Burðinum* eru eftirfarandi orð lögð í munn Nikulasi: „En þetta voru mannaverk“, bætti hann við, „að hleypa þessu í þennan loga. Það hefði verið hægt að réttlæta þetta og skilja þau að. En - o jæja, hún var ekki ómyndarleg stúlka, hún Borghildur“, og svo tók hann í nefið og reri fram í gráðið.“

Dauðdaga Borghildar er svo lýst: „Það var sagt að Sigurður hefði útvegað henni eitrið,“ sagði Lási, „en hvað veit ég?“ Hitt var á allra vitorði að Borghildur hafði áður en hún tók inn eitrið reynt að koma því einnig ofan í barnunga dóttur sína sem lá hjá henni í rúminu, en tókst ekki. Var sagt að hún hefði viljað taka telpuna með sér, hefði þótt það vissara að þær fylgdust að eins og komið var.“

Í leikritinu Sölborg bera allar persónur verksins sömu nöfn og hinar raunverulegu persónur málsins utan sýslumaðurinn sem aldrei er nafngreindur. Samtöl og umhverfi eru í raunsæjum stíl og allri atburðarás málsins fylgt nokkuð nákvæmlega samkvæmt málskjöllum. Samtöl í yfirheyrslum eru einnig efnislega samhljóða málskjöllum en höfundur mótir persónurnar að vild, skerpir á mál-fari þeirra og þjappar efninu saman til að auka á hina dramatísku spennu eins og eðlilegt er. Meginbreytingin sem gerð er án þess að það hafi nein áhrif á efnislega niðurstöðu hinna sviðsettu málaferla er að höfundur bætir við einni persónu, sem er jafn sögulega raunveruleg og allar hinar, en var þó í raunveruleikanum ekki á staðnum þegar atburðirnir gerðust. Þetta er Guðbjörg móðir þeirra Sölborgar og Sigurjóns sem komin er til að fylgjast með réttarhaldinu. „Hvernig átti ég að stíja heima í Garði eins og ekkert hefði í skorizt, þegar ég frétti að þið hefðuð verið ákærð börnin mín, og sýslumaðurinn væntanlegur hingað. (með áherzlu) Þið eruð þó börnin mín, Sölborg.“

Pungamiðja verksins snýst um þessa síðustu setningu. Móðirin sem átt hefur þessi tvö óskilgetnu börn, annað þeirra, Sölborgu, varð hún að láta frá sér strax eftir fæðingu, drenginn hafði hún með sér í vinnumennsku á ýmsum bæjum þar til hann fór sjálfur í vinnumennsku eftir fermingu. Guðbjörg er viðstödd allar yfirheyrslur, hún neitar að trúa því að börnin hennar séu sek og sorg hennar og umkomuleysi mega skoðast sem hinn tragíski hápunktur verksins þegar Sölborg liggur á líkbörnunum og Sigurjón er úrskurðaður í varðhald, sekur maður. Eftir stendur hin aldráða móðir með ábyrgðina á uppeldi fjögurra ára gamallar dótturdóttur sinnar á herðunum. Í eftirmála segir höfundurinn: „Móðirin leikur hlutverk Jobs í þessu verki - og sér þess stað oftast en einu sinni. Hún hefði getað tekið undir með Job þegar hann segir: „Því að andvörp eru orðin mitt daglega brauð

og kvein mitt úthellist sem vatn.“ Sem vel gætu verið einkunnarorð verksins.“

Grámosinn glóir

Í skáldsögunni *Grámosinn glóir* eru aðalpersónur Ásbjörn sýslumaður og hálf systkinin Sæmundur Friðgeir Björnsson og Sólveig Súsanna Jónsdóttir. Ekki þarf að fara í graf-götur um hverjar fyrirmyndir þessarar þriggja eru, þó í samhengi skáldsögunnar skipti það kannski litlu máli. Fjölmargar aðrar persónur koma við sögu, m.a. prestshjónin að Kaldbak þar sem atburðir sögunnar gerast. Viðfang Grámosans er þó alls ekki að skálda upp Sölborgarmál og breyta útaf þeirri atburðarás sem þegar er þekkt. Miklu frekar má segja að höfundur nýti sér á ýmsa vegu þá möguleika til skáldlegrar túlkunar sem felast í atburðarásinni. Fer hann þannig frjálsum höndum um hugarfar persónanna og tilgang þeirra með gjörðum sínum. Enda hefur höfundurinn til þess það frelsi sem hann vill. Ysti rammi sögunnar sem snertir jafnframt kjarna hennar er lífsreynsla hins unga og óreynda sýslumanns sem gengur ótrauður til verks og beitir nokkurri hörku við að komast að sannleikanum í málinu, en stendur uppi með sannleika í báðum höndum, tvístígandi og skilur að á bakvið staðreyndir liggja tilfinningar; persónulegt návígið við hinn mannlega harmleik hefur dýpkað hann sem persónu. Þá hefur sá sannleikur runnið upp fyrir honum að raunveruleikinn er einatt dramatískari en skáldskapurinn. Sýslumaðurinn er öryggjð og harkan uppmáluð við yfirheyrsluna yfir Sæmundi Friðgeiri sem „varaðist að horfa í ægisvip dómarsins; en fann hin hvössu augu undir yggjibrúnum nista sig. Hann var strax hræddur um að geta ekki dulizt fyrir þessum köldu augum; sem honum fannst tæta af sér allar hlífar“. Síðar þegar allt er um garð gengið og Ásbjörn sýslumaður kveður upp dóminn yfir Sæmundi hefur skilningurinn aukist og reynslan mildað hann. „Nú þegir sýslumaður aftur, og horfir áfram á blöðin að því er virðist, og hvarfla augun nokkuð líktog hann sé að leita að einhverju sem framar var sagt, kannski var hann ekki að horfa á blöðin; kannski framhjá þeim svo lítið bæri á, kannski ekki á neitt sérstakt.“

Dómsdagur

Í þriðja verkinu og því sem vissulega er kveikjan að þessari umfjöllun er farið enn öðrum höndum um efniviðinn. Í sjónvarpsmynd Egils Eðvarðssonar, *Dómsdegi*, eru allar persónur Sölborgarmáls rétt nafngreindar þannig að hin sögulega umgjörð verksins verður trúverðug en á hinn bóginn er breytt út af rétttri atburðarás og hlutdeild vissra persóna gerð önnur en hún var í raun. Engin leið er að orða þetta öðruvísi þó skáldskaparleyfi höfundar myndarinnar sé sagt ráða ferðinni. Róttækustu breytingarnar sem höfundur gerir er að ætla prestinum séra Ólafi Petersen þann hlut að vera bæði réttur faðir barns Sölborgar og að hafa þvingað Sigurjón hálfbróður hennar til að gangast við því. Prestfrúnni er ætluð sú gjörð að hafa byrjað Sölborgu eitru í þeim tilgangi að hindra að hún kæmi upp um bónda hennar og drægi þannig skömm yfir heimilið. Sýslumanninum Einari Benediktssyni er einnig ætlað að hafa komist að hinu sanna í þessu máli því Sölborg hvísar einhverju í eyra hans sem hún er í andarslitrunum og horfir sýslumaður þá heljaraugum á prestfrúna sem brestur í grát við óxl eiginmannsins. Þessari vitneskju eða grunsemd leynir sýslumaður ævilangt en hefur engu að síður skráð hjá sér í rauða minnisbók sem hann skilur aldrei við sig. Í myndinni er það ung blaðakona, Anna, sem leiðir fram „sannleikann“ í málinu þegar hún dvelur hjá Einari síðustu ævidaga hans í Herðisarfík í janúar 1940.

Burtséð frá þeim siðferðilegu spurningum sem kunna að vakna þegar svo er breytt frá sögulega þekktri og væntanlega rétttri atburðarás án þess að vikið sé við nöfnum eða staðhættum að öðru leyti, þá er því líkast sem höfundur myndarinnar hafi sést yfir stærstu möguleika þessarar sögu til dramatískrar túlkunar. Presturinn sem síðlaus flagari og prestfrúnni sem bitur eiginkona og samviskulaus morðingi gera söguna vissulega reyfarakennda og magna í henni spennu en um leið verður hinn raunverulegi harmleikur að engu, forboðnar ástir systkinanna, glæpur þeirra gagnvart barninu og refsingin sem óhjákvæmilega fylgir í kjölfari hverfa í skuggann. Reynsla sýslumannsins unga af atburðunum skiptir heldur engu í þessari túlkun, hans biður það ævilanga hlutskipti að vera vitorðsmaður með morðingjanum prestfrúnni og síðleysingjanum prestinum. Til að knýja fram þennan síðbúna „sannleik“ málsins hefur Sölborg náð sambandi við Önnu í gegnum miðil og beint henni til sýslumannsins fyrrverandi, Einars Benediktssonar, sem eyðir síðustu æviárunum í Herðisarfík, farinn að heilsu og kröftum.